



# VÍS: Uppgjör 3. ársfjórðungs 2022

Árshlutareikningur félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 20. október 2022.

## Helstu niðurstöður 3F

- Hagnaður af váttryggingarekstri í fjórðungnum var 157 milljónir samanborið við 628 milljóna hagnað á sama tímabili 2021.
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi voru 335 milljónir en 2.009 milljónir á sama tímabili 2021.
- Tap fjórðungsins var 70 milljónir samanborið við 2.231 milljóna hagnað á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall fjórðungsins var 99,6% en var 90,5% á sama tíma í fyrra.
- Iðgjöld tímabilsins voru 6.286 milljónir í samanburði við 5.955 milljónir á sama tíma í fyrra.

## Helstu niðurstöður 9M

- Hagnaður af váttryggingarekstri fyrir tímabilið var 155 milljónir samanborið við 543 milljónir árið áður.
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi á fyrstu níu mánuðum ársins námu 1,2 milljörðum en námu 7,1 milljarði árið áður.
- Hagnaður fyrstu níu mánuði ársins var 479 milljónir en á sama tíma í fyrra 6.734 milljónir.
- Samsett hlutfall fyrstu níu mánuði ársins var 101,2% en var 97,7% á sama tímabili í fyrra.

## Góður árangur í erfiðu umhverfi

### Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS:

„Uppgjörið litast af sveiflum á mörkuðum auk þess sem september var tjónaþyngri en gert var ráð fyrir – og því uppþærðum við horfur ársins. Á móti kemur að þrátt fyrir erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum voru fjárfestingartekjur fjórðungsins jákvæðar. Samsett hlutfall tímabilsins var 99,6% en var 90,5% á sama tíma í fyrra. Við metum áhrif hækkunar verðbólguþáttar Seðlabanka Íslands á samsett hlutfall fyrstu níu mánuði ársins til þriggja prósentu hækkunar á ársgrundvelli.

### Jákvæð ávöxtun í krefjandi umhverfi

Fjárfestingartekjur í fjórðungnum námu 335 milljónum króna eða 0,8% ávöxtun. Þetta er góður árangur í krefjandi markaðsaðstæðum – þar sem skuldabréf jafnt sem hlutabréf lækkuðu almennt í virði. Ríkisskuldabréf og skuldabréf sveitarfélaga skiluðu neikvæðri ávöxtun á meðan önnur skuldabréf skiluðu um 283 milljónum króna. Skráð hlutabréf lækkuðu um 2,8% eða um 270 milljónir en óskráð hlutabréf hækkuðu um 247 milljónir í fjórðungnum – þar vegur Controlant þyngst, eða um 100 milljóna hækkan.

### VÍS stofnar SIV eignastýringu

Við sögðum frá því í fjórðungnum að VÍS hefur ákveðið að útvíkka starfsemi sína og bjóða upp á sjóða- og eignastýringu. Stofnað hefur verið nýtt dótturfélag undir starfseminu sem hefur hlotið nafnið SIV eignastýring. Félagið mun sækja um starfsleyfi til eignastýringar og rekstrar sjóða – en stefnt er að því að starfsemi félagsins hefjist um leið og starfsleyfi frá Seðlabanka Íslands liggur fyrir. Það eru því spennandi tímar framundan og mikil tímamót í sögu félagsins.

### VÍS hlýtur Jafnvægisvog FKA

Undanfarin ár höfum við markvisst unnið að því að auka hlutfall kvenna á meðal stjórnenda VÍS og því erum við stolt af því að hafa hlotið Jafnvægisvog FKA í fjórða sinn á dögnum – en þetta er hvatningarverkefni sem miðar að því að hvetja fyrirtæki til þess að huga að jafnvægi kynjanna meðal stjórnenda. VÍS er sá vinnustaður þar sem kynin hafa jafna möguleika – því eins og við höfum sagt áður, þá er jafnrétti ákvörðun.



### VÍS fær góða einkunn í UFS mati

Sjálfbærni er mikilvægt leiðarljós hjá félaginu og því var það virkilega ánægjulegt að félagið hækkaði um tíu stig milli ára í UFS mati Reitunar. Til þess að meta frammistöðu í sjálfbærni er horft til þriggja þátta – umhverfisþátta, félagsþátta og stjórnarháttá. VÍS náði góðum árangri og fékk 78 stig af 100 mögulegum eða einkunnina B2. Þetta er mikilvægur áfangi – því sjálfbærni skiptir okkur miklu máli.

### Sölumet slegið í Ökuvísi

Við erum með skýra framtíðarsýn því við ætlum að breyta því hvernig tryggingar virka. Ljóst er að Ökuvísir er kominn til að vera – en sölumet var slegið í fjórðungnum. Að sama skapi hefur hlutfall nýrra viðskiptavina í Ökuvísi aldrei verið hærra sem er virkilega gleðilegt. Við erum því að sjá fleiri viðskiptavini sem velja að bæta akstur sinn – og borga minna.“

### Horfur um samsett hlutfall ársins

Eins og fram kom í tilkynningu félagsins til Kauphallar 12. október síðastliðinn, þá hefur félagið uppfært horfur ársins. Í tilkynningunni kom fram að áhrif breyttra verðbólguvæntinga Seðlabanka Íslands á fyrstu níu mánuðum ársins á samsett hlutfall félagsins er metið til þriggja prósentu hækkunar á ársgrundvelli. Auk þess var þriðji ársfjórðungur tjónþyngri en gert var ráð fyrir. Þetta leiðir til þess að nú er áætlað að samsett hlutfall ársins verði á bilinu 98-100%.

### Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 21. október, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Helgi Bjarnason, forstjóri, mun kynna uppgjórið og svara spurningum. Hægt verður að fylgjast með fundinum á þessari slóð: <https://vis.is/3-arsfjordungur-2022/> og þar verður einnig hægt að nálgast upptöku af fundinum og kynningarefni hans.

### Fjárhagsdagatal

Ársuppgjör 2022 || 23. febrúar 2023  
Aðalfundur 2023 || 16. mars 2023

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VÍS, í síma 660-5260 eða með netfanginu [erlat@vis.is](mailto:erlat@vis.is)



## Rekstrarreikningur

	3F 2022	3F 2021	Br.	Br. %	9M 2022	9M 2021	Br.	Br. %
Iðgjöld tímabilsins	6.286	5.955	260	4,6%	17.892	17.124	436	3,9%
Hluti endurtryggienda	-193	-214	1	-0,8%	-570	-568	-22	6,1%
<b>Eigin iðgjöld</b>	<b>6.093</b>	<b>5.741</b>	262	4,8%	<b>17.322</b>	<b>16.556</b>	414	3,8%
<b>Fjárfestingartekjur</b>	<b>335</b>	<b>2.009</b>	-2.122	-82,4%	<b>1.153</b>	<b>7.067</b>	-4.239	-83,8%
Aðrar tekjur	8	14	-7	-39,8%	34	50	-11	-29,4%
<b>Heildartekjur</b>	<b>6.436</b>	<b>7.764</b>	-1.868	-23,2%	<b>18.508</b>	<b>23.673</b>	-3.836	-24,1%
Tjón tímabilsins	-4.966	-4.085	160	-3,6%	-13.790	-13.221	311	-3,4%
Hluti endurtryggienda	93	40	-519	-87,9%	204	795	-643	-85,3%
<b>Eigin tjón</b>	<b>-4.872</b>	<b>-4.045</b>	-359	9,2%	<b>-13.586</b>	<b>-12.426</b>	-332	4,0%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	-166	27	21	16,5%	222	230	186	92,0%
Rekstrarkostnaður	-1.290	-1.226	-45	3,2%	-4.228	-4.042	-122	4,3%
Vaxtagjöld og virðisrýrnun viðsk.krafna	-159	-83	-30	29,5%	-421	-283	-62	31,0%
<b>Heildargjöld</b>	<b>-6.488</b>	<b>-5.326</b>	-412	7,8%	<b>-18.013</b>	<b>-16.522</b>	-330	3,0%
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>	<b>-52</b>	<b>2.438</b>	-2.280	-81,9%	<b>495</b>	<b>7.151</b>	-4.166	-88,4%
Skattar	-18	-207	157	-84,6%	-16	-418	212	-
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>-70</b>	<b>2.231</b>	-2.122	-81,7%	<b>479</b>	<b>6.734</b>	-3.954	-87,8%
Tjóna- og endurtr.hlutfall	80,6%	71,5%			79,1%	75,9%		
Kostnaðarhlutfall	19,1%	19,0%			22,1%	21,9%		
Samsett hlutfall	99,6%	90,5%			101,2%	97,7%		
Ávöxtun fjáreigna	0,8%	4,5%			2,6%	16,2%		
Arðsemi eigin fjár	-0,4%	12,1%			2,6%	36,6%		
Hagnaður á hlut	-0,04	1,24			0,27	3,74		

## Efnahagsreikningur

Eignir	30.09.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir	387	474
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.415	1.461
Húsaleiguaeign	646	700
Fjárfestingareignir	42.352	44.679
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.170	1.774
Viðskiptakröfur	8.158	6.517
Endurtryggingaeignir	1.329	1.207
Aðrar kröfur	1.165	698
Handbært fé	2.113	1.553
<b>Eignir samtals</b>	<b>58.736</b>	<b>59.063</b>
<b>Eigið fé</b>		
Hlutfé	1.750	1.750
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	8.176	9.371
Óráðstafað eigið fé	6.881	8.706
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>17.432</b>	<b>20.453</b>
<b>Skuldir</b>		
Víkjandi skuldabréf	3.237	3.033
Tekjuskattsskuldbinding	96	65
Húsaleiguskuld	693	742
Váttryggingaskuld	33.514	30.286
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.170	1.774
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.593	2.709
<b>Skuldir samtals</b>	<b>41.304</b>	<b>38.610</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>58.736</b>	<b>59.063</b>